

Framkvæmdastjóri Geðhjálpar:

Hrakinn úr starfi

– eftir að starfsmenn fengu fulltrúa í stjórn

Ingólfur H. Ingólfsson, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, hraktist úr starfi eftir að nýr meirihluti náði völdum í félaginu með kosningu starfsmanna í stjórn. Ingólfur hefur gert 6 mánaða starfslokasamning við nýju stjórnina og þarf ekki að vinna uppsagnarfrestinn:

„Ég kaus að segja upp sjálfur þegar mér varð ljóst að ég hafði ekki lengur traust meirihluta stjórnar. Við slíkar aðstæður getur enginn starfað,“ sagði Ingólfur síðdegis í gær. „Kornid sem fyllti mælinn var þegar starfsmenn fengu fulltrúa í stjórnina og það sér hver maður að framkvæmdastjóri getur litið gert þegar undirmaður hans er allt í einu orðinn yfirmaður ef þannig má að orði komast,“ sagði Ingólfur sem verið hefur framkvæmdastjóri Geðhjálpar í fjögur og hálf ár. Umræddur undirmaður Ingólfs sem kjörinn var í stjórnina er Tryggvi Björnsson, starfsmaður í stuðningsþjónustu Geðhjálpar. Formaður Geðhjálpar er Pétur Hauksson geðlæknir en meðal stjórnarmanna í nýja meirihlutanum, sem hrakti



Ingólfur H. Ingólfsson.

bornir samstarfsörðugleikar á brýn. Milli hveira og um hvað veit ég hins vegar ekki. Ágreiningurinn hefur snúist um það hvort félagið

framkvæmdastjórnann úr starfi, er Sigursteinn Másson, fréttastjóri á Skjá einum.

„Það hafði lengi verið pirringur á milli ákveðinna stjórnarmanna og mín og mér voru



Sigursteinn Másson.

Ekki náðist í stjórnarmenn í Geðhjálpar í morgun og svöruðu hvorki Tryggvi né Sigursteinn skilaboðum þegar eftir því var leitað.

ætti að byggja upp og sinna þjónustu við félagsmenn eða þá vera hreint hagsmunafélag. Ég var talsmaður fyrrnefndu viðhorfanna,“ sagði Ingólfur H. Ingólfsson.

-EIR